

Hallormstað 15. jan. 1913

Sendi hjer með ársreikning skógræktarinnar í Hallormsstað með fylgiskjölum og yfirlitsreikningi. Sömuleiðis fylgir hjer skýrsla um kjarrsvæðið í Mjóafirði í Brekkulandi, sem jeg valdi til friðunnar eftir ósk eiganda og mæling á lengd vætanlegrar girðingar um það. Þá fylgir og vinnuskýrsla skógræktarinnar.

Um vinnunna í skóginum er fátt að segja. Höggin trje þar sem merkt var á sl. sumri til rafts og efniviðar í Flataskógi Afd. IV. Haldið áfram grisjun í Mörkinni og Lambabólum. Safnað 40 pd. af birkifræi í skóginum. Helmingurinn sendur til skógræktarstjóra. Hinn helmingurinn geymist næsta vors, til að sá í græðireitina hjer. Fræ í skóginum með minna móti, borð saman við undanfarin ár. Þurkar miklir í jónímánuði og kuldar í júlí og ágúst hafa eflaust valdið því að frævöxtur varð fremur lítill. Aptur á móti mun hausttíðin hafa bætt nokkuð úr það hefur að líkindum náð allgóðum þroska á endanum.

Reyniviðarfræ því nær ekkert í Hallormsstaðarskógi og nálægum skógum. Hinnsvegar var mikið af því í garði Stefáns Th. Jónssonar consúls á Seyðisfirði og sýndi hann skógræktinni þá velvild að láta henni í tje 11/2 pd. ókeypis.

Gjört við girðinguna um skóginn þar sem með þurfti og hlaðinn grjótgarður við Lagarfljót hjá enda norður girðingarinnar.

Vinna í græðireitum varð talsvert umfangsmeiri en sl. ár. Seldar plöntur í miklu stærri stíl en átt hefur sjer stað áður. Upptekning og innþókkun plantnanna tók alllangan tíma og varð til að auka kostnaðinn að mun. Fjallfuru 3/o dreyft (priklæð) í allstórum stíl. Birki og reyniviðarfræi sáð í stórt svæði. Þakning einnig tekið nokkuð lengri tíma en undanfarið. Vatnsleiðslu komið fyrir, þó ekki fullgerð Skuggagrindum fjölgæð. Þetta hefur gjört kostnaðinn nokkru meiri en í fyrra. Hinsvegar hafa tekjurnar af græðireitnum verið miklum mun meiri. Alls látnar úti ca. 9400 plöntur. Talan eftir tegundum er á þessa leið 734 stk. Víðir, 340 stk. Lævirkjatrje, 520 stk. Birki, (sumt vorgáð, sumt sprottið í græðireitnum af sjálfsáðu fræi), 21 stk. Ribs, 1915 stk. Reyniviður, 1120, stk. Rauðgreni, 1500 stk. Pinus aristata, 480 stk. Pinus bungeana/og 2722 stk. Fjallfura. Við þetta bætast 4080 plöntur, sem látnar voru úti í skóginum.

Framför í græðireitnum var í besta lagi. Voríð einmuna gott, byrjaði snemma og júní og fyrri hluti júlí sjerlega heitir. Einkum var góð framför á skógarfuru (venjulegri furu) og rauðgreni. Birkifræði kom vel upp og litu sumar birkiplönturnar mjög vel út í haust.

Þá er að minnast á byggingarnar. Stofan fullgerð. Húsið málað allt utan og gluggar inni í stofu og á lofti. Endurbætt pak á borðstofu á Ormsstöðum, reyndist ^{leka} mjög áður, en er nú alveg lekalaus. Sett timbur-pak á hana og tyrfi yfir. Með gömlum borðum að helmingi og nýjum á hinn helminginn. Tjörupappi settur yfir aðra þakhlið en tjargað yfir aðra. Kostnaðurinn hefur verið nokkuð mikill en timburhúsið er líka þægilegr til íbúðar enn áður. Málning að utan var óumflyjanleg til að varna skemmdum.

Gamla borðstofuhúsið hjer er alltaf að hrörma og ekki annað sýnna en það kunni hrynda áður langt um líður. En fjölyrði ekki um það, með að yður herra skógræktarstjóri er kunnugt um það.

Við reikninginn er að athuga að fylgiskjöl No 30 og 31 og 40 og 41 vantar. En þau sendi jeg hið allma fyrsta. Ennfremur No 3 og 47.

Með mikilli Virðingu

Guttermur Pálsson.

Til herra skógræktarstj. A. F. Kofoed Hansen Reykjavík.